

# Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

---

í samræmi við lög nr. 152/2009

## Handbók

Leiðbeiningar og umsóknarferli



Útgáfa 1.0



## 1. Inngangur.

Lög nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki hafa það markmið að bæta samkeppnis skilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf (R&D) með því að beita skattalegum hvötum. Í þessari handbók er fjallað um lögin, umsóknir og verklag við mat á umsóknum. Við gerð handbókarinnar var haft samráð við hagsmunaaðila.

Hvað eru rannsóknir og þróunarstarf (R&D) í þessu sambandi? Í handbókinni er leitast við að skilgreina hvað átt er við með rannsóknum og þróunarstarfi samkvæmt skilningi laganna nr. 152/2009. Helsta forsenda þess að verkefni geti talist vera R&D er að um sé að ræða nýja þekkingu eða þekking sé notuð á nýjan hátt.

Í niðurstöðu nefndar er vann að undirbúningi laganna kemur fram að nýsköpun þurfi; að leiða til nýrrar eða endurbættrar afurðar, þjónustu eða ferlis og markaðslegs ávinnings; að til staðar innan fyrirtækis þurfi að vera vel skilgreind verkferli samkvæmt viðurkenndum viðmiðum og að fyrirtækin verði metin sem nýsköpunarfyrirtæki. Verkefni sem hafa það að markmiði að þróa nýjar afurðir, sem skapa ný verðmæti með hæfu starfsfólki og aðstöðu, eru forsenda til að skila tilskyldum árangri og þar með forsendum til að styrkja samkeppnisstöðu viðkomandi fyrirtækis á markaði. Slík verkefni flokkast undir rannsóknir og þróunarstarf.

Rannís er falið að veita staðfestingu á að lögaðilar uppfylli skilyrði sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi laganna, hvort sem er vegna skattfrádráttar eða skattafsláttar vegna hlutfjárukningar. Rannís hefur reynslu af rekstri sjóða þar sem verkefni eru metin á samkeppnisgrundvelli, sem byggir á skilgreindum matsviðmiðunum. Leitast er við að hafa matsferlið eins gegnsætt og kostur er. Í lögnum nr. 152/2009 er um að ræða réttindi fyrirtækja til stuðnings að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, nánari útfærsla á einsstökum greinum er að finna í reglugerð nr. 593/2010.

Rafrænt umsóknareyðublað er á heimasíðu Rannís ([www.rannís.is](http://www.rannís.is)), en forsenda þess að hægt sé að meta verkefni og R&D starfsemi fyrirtækja er að fyrir liggi upplýsingar frá fyrirtækjunum. Óskað er eftir ítarlegum upplýsingum sem lagðar verða til grundvallar við matið, auk þess sem lögin gera ráð fyrir að árangur laganna verði metinn eftir tvö ár og því nauðsynlegt að fá umbeðnar upplýsingar. Endurskoðendur fyrirtækja þurfa að staðfesta bókhaldsgögn.

Við undirbúning og framkvæmd laganna hefur sérstaklega verið horft til Noregs, en útfærslan varðandi skattafrádrátt byggir að nokkru leyti á kerfi sem kallast SkatteFUNN. SkatteFUNN var fyrst innleitt árið 2002. Var gerð ítarleg úttekt á því árið 2007 þar sem í ljós kom að kerfið þjóðnaði vel tilgangi sínum.

Markmið með þessari handbók er að stuðla að því að auðvelt verði fyrir aðila að sækja rétt sinn á þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar, og að matsferlið verði eins gegnsætt og kostur er.

Með von um gott samstarf

Hallgrímur Jónasson,  
forstöðumaður Rannís



## 2. Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	1-3
	Umsóknir og umsóknarferli.....	1-6
	Fullgild umsókn.....	1-6
	Upplýsingar og gögn með umsóknum.....	1-7
	Leið 1 (skattfrádráttur vegna rannsókna-og þróunarkostnaðar).....	1-7
	Samstarfsverkefni.....	1-7
	Kostnaður vegna kaupa á þjónustu.....	1-8
	Annar opinber stuðningur.....	1-8
	Viðskiptaáætlun.....	1-8
	Leið 2 (skattafláttur til fjárfesta vegna hlutabréfakaupa).....	1-8
	Umsóknarfrestir.....	1-9
	Umsóknaferli.....	1-9
3.	Verklag Rannís við yfirferð umsókna.....	3-10
	Fagnefnd.....	3-11
	Gátlistar.....	3-11
4.	Skilgreiningar og skýringar.....	4-13
	Nýsköpunarfyrirtæki.....	4-13
	Viðurkennd fyrirtæki.....	4-13
	Rannsókna- og þróunarverkefni - R&P.....	4-13
	Hugbúnaður.....	4-13
	Matvælaíðnaður.....	4-14
	Hönnun.....	4-14
	Heilbrigðistæknivörur og lyfjaþróun.....	4-15
5.	Árangursmat.....	5-17
6.	Spurningar og svör.....	6-18
7.	Lög nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.....	7-20
8.	Lög nr. 137/2009 um tekjuskatt.....	8-25
9.	Reglugerð nr. 593/2010.....	9-27
10.	Reglugerð nr. 592/2010.....	10-29
11.	Leiðbeinandi reglur ESA um ríkisstuðning.....	11-32

## Umsóknir og umsóknarferli.

Lögaðili, sem óskar eftir staðfestingu á að teljast nýsköpunarfyrirtæki og njóta stuðnings sem lögin kveða á um, skal senda Rannís umsókn þess efnis. Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum geta sótt um og fengið staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki, að uppfylltum skilyrðum laganna. Lögin taka ekki til háskóla, opinberra stofnana og opinberra hlutafélaga.

Í umsókn er um tvo kosti að velja. Annars vegar um staðfestingu sem leiðir til skattfrádráttar vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar samkvæmt 5. grein laganna, og/eða hins vegar vegna hlutafjárukningar sem veitir heimild til skattafsláttar fjárfesta samkvæmt 6. grein laganna. Sami umsækjandi getur sótt um hvort tveggja. Hér eftir verður fjallað um skattfrádrátt skv. 5. grein sem **Leið 1** og skattafslátt skv. 6. grein sem **Leið 2**.

Nýjar umsóknir vegna skattfrádráttar (**Leið 1**) þurfa að berast fyrir 1. september vegna yfirstandandi almanaksárs, þ.e.a.s. réttindin gilda fyrir allt árið. Umsóknir vegna skattafsláttar (**Leið 2**) skulu einnig berast fyrir 1. september svo megi afgreiða þær og tilkynna til Ríkisskattstjóra fyrir árslok, en almennt verður leitast við að afgreiða þær umsóknir eins fljótt og auðið er. Samkvæmt 9. gr. laganna gildir staðfesting á því, að fyrirtæki teljist nýsköpunarfyrirtæki á grundvelli laganna, um viðkomandi umsóknarár og telst það vera almanaksárið.

Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku fullgildrar umsóknar taka ákvörðun um afgreiðslu hennar og tilkynna niðurstöðu til umsækjanda. Til þess að umsókn teljist fullgild verða allar nauðsynlegar og umbeðnar upplýsingar að liggja fyrir. Rannís sendir Ríkisskattstjóra gögn og upplýsingar um þá lögaðila sem hlotið hafa viðurkenningu, og heldur Ríkisskattstjóri skrá þar um og skal hún vera öllum aðgengileg.

Fyrirtæki, sem hefur hlotið staðfestingu og vill njóta áframhaldandi réttinda næsta almanaksár á eftir, verður að sækja um það með sérstakri umsókn til Rannís. Í slíkri umsókn þarf að sýna fram á áframhaldandi starfsemi í nýsköpun, með gögnum og upplýsingum til mats á stöðu umsækjanda. Umsókn verður að berast Rannís eigi síðar en 1. apríl ár hvert og skal afgreidd innan tveggja mánaða frá því fullgild umsókn liggur fyrir. Reynist umsókn ófullnægjandi kemur ekki til áframhaldandi staðfestingar og réttur samkvæmt lögunum fellur niður.

Hvort sem lögaðili sækir um staðfestingu í fyrsta skipti, eða um framlengingu staðfestingar næstu ár á eftir, verður umsækjandi að hafa eftirfarandi í huga:

### Fullgild umsókn

Ef í ljós kemur við yfirferð umsóknar að nauðsynlegar upplýsingar vantar, mun Rannís kalla eftir þeim frá umsækjanda. Umsækjandi hefur tvær vikur til að skila inn umbeðnum upplýsingum. Þegar þær hafa borist og eru fullnægjandi telst umsóknin fullgild, frestur til að afgreiða umsókn telst frá því að fullgild umsókn liggur fyrir. Ef umsækjandi skilar ekki umbeðnum upplýsingum innan tveggja vikna telst umsókn ekki fullgild og verður vísað frá.

## Upplýsingar og gögn með umsóknum

Hér á eftir koma leiðbeiningar um það hvaða upplýsingar og gögn þurfa að koma fram í umsóknum, annars vegar vegna **Leiðar 1** og hins vegar vegna **Leiðar 2**.

### Leið 1 (skattfrádráttur vegna rannsókna-og þróunarkostnaðar)

Í umsókn þarf að gera skýra grein fyrir hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun, sbr. 5. gr. laganna.

Kostnaðargreining vegna rannsókna- og þróunarverkefna skal vera skýr og greinargóð. Um er að ræða beinan kostnað vegna viðkomandi verkefnisfyrir rekstrarár fyrirtækis, svo sem vegna sérhæfðra starfsmanna, tækja, húsnæðis, aðkeyptar rannsókna- og þróunarvinnu og vegna aðfanga. Við mat á samrekstri skal umsækjandi miða við að hann sé allt að 20% af öllum þróunarkostnaði nema aðkeyptri þjónustu. Um meðferð og skiptingu óbeins kostnaðar við bókhaldslegt uppgjör er fjallað í reglugerð nr. 592/2010. Í umsókn þarf að sýna fram á að varið verði a.m.k. 5 milljónum króna til rannsókna- og þróunarstarfs á 12 mánaða tímabili, sem er rekstrarár viðkomandi umsækjanda. Endurskoðandi, skoðunarmaður eða viðkenndur bókarari staðfestir endanlegan kostnað með áritun sinni og þar með kostnað til útreiknings á frádrætti.

Skattfrádráttur miðast við hvert verkefni og er stofn til útreiknings að hámarki 50.000.000 kr. Skattfrádráttur nemur 15% af stofni til útreiknings, þ.e. að hámarki 7.500.000 miðað við hámarksheimild. Hvert fyrirtæki getur verið með fleiri en eitt verkefni á sama tíma, en sækja verður um hvert verkefni sérstaklega.

Gerð er krafa um að umsækjendur skilgreini vel verkferla og hæfni lykilstarfsmanna sinna vegna rannsókna- og þróunarverkefna. Gera þarf grein fyrir því í umsókn að starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggir á.

Kostnaði vegna rannsókna- og þróunarstarfs skal halda aðgreindum frá öðrum rekstri fyrirtækisins. Ef um er að ræða fleiri en eitt verkefni, er það skilyrði skattfrádráttar að kostnaði vegna hvers rannsókna- og þróunarverkefnis sé haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum fyrirtækisins og að gögn verði aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

### Samstarfsverkefni.

Ef um er að ræða samstarfsverkefni tveggja eða fleiri umsækjenda þarf hver um sig að sækja um og hljóta staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki til þess að verkefnið í heild hljóti viðurkenningu, skv. 7. gr. laganna. Umsækjendur sem eiga í samstarfi um rannsókna- og þróunarverkefni þurfa að tilgreina í umsóknum sínum hvernig kostnaði vegna verkefnisins verði skipt milli þeirra. Hámarksstofn til útreiknings vegna samstarfsverkefnis er 50.000.000 kr og hámarks frádráttur því 7.500.000, skiptist frádrátturinn í réttu hlutfalli við útlagðan kostnað umsækjenda.

### Kostnaður vegna kaupa á þjónustu

Ef keypt er rannsóknavinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggi fyrir fullnægjandi gögn. Varðandi framkvæmd skattfrádráttar (**Leið 1**) kveða lögin á um að ef um aðkeypta þjónustu frá viðurkenndum aðila er að ræða, skuli hámarksstofn til útreiknings á frádrætti vera samtals 75.000.000 kr. Þegar um kaup á rannsóknarvinnu er að ræða þarf að gera grein fyrir þeim kostnaði í umsókn.

### Annar opinber stuðningur.

Í umsóknum ber að tilgreina ef um annan opinberan stuðning er að ræða vegna viðkomandi verkefnis, hvaðan sá stuðningur er fenginn og fjárhæðir sem um ræðir.

Í 12. gr. laganna kemur fram að hafi lögaðili hlotið styrk frá opinberum aðila til sama nýsköpunarverkefnis og umsókn um skattfrádrátt vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar tekur til, getur frádrátturinn að viðbætti styrkfjárhæð aldrei orðið hærri en 70% af hámarkskostnaði við verkefnið.

Heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Sjá nánar í 11. kafla.

### Viðskiptaáætlun.

Í 5. gr. laganna er tiltekið, að eitt af skilyrðum þess að lögaðili fái staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki, að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind. Í 2. gr. reglugerðarinnar (593/2010) er þetta nánar skýrt og er hér um að ræða viðskiptaáætlun er varðar það verkefni sem sótt er um.

### Leið 2 (skattafláttur til fjárfesta vegna hlutabréfakaupa)

Vegna umsóknar um **Leið 2** er skilyrði að hluthafafundur hafi ákveðið hlutafjárukningu og að fjárfestar fjárfesti í nýjum hlutum beint af fyrirtækinu í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Með umsókn fylgi að öllu jöfnu ársreikningar fyrirtækisins fyrir þrjú síðustu rekstrarár, en að minnsta kosti síðustu tvö rekstrarár ef umsækjandi hefur einungis starfað undanfarin tvö ár.

Kostnaðargreining vegna rannsókn- og þróunarverkefnis þarf að vera skýr og greinargóð. Sýna þarf fram á að rannsókn- og þróunarkostnaður hafi verið a.m.k. 1,5% af veltu tvö af síðustu þremur árum, eða að varið hafi verið a.m.k. 40 milljónum króna til rannsókn- og þróunarstarfs á ári síðast liðin tvö ár. Heimilt er að taka tillit til rannsóknarinnu sem hefur verið keypt af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum, enda liggi fyrir fullnægjandi gögn þar að lútandi.

Samkvæmt lögnum þarf að sýna fram á að verkferlar séu vel skilgreindir, þ.e.a.s. skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingum starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknastörfum. Einnig þarf að sýna fram á að aðstaða sé til starfsins.

Umsækjandi þarf að tryggja upplýsingagjöf til fjárfesta, samkvæmt 4. tölulið 6. gr. laganna, í þeim tilgangi að vernda fjárfesta, tryggja eðlilega þátttöku nýsköpunarfyrirtækja á markaði og stuðla að eðlilegri verðmyndun og seljanleika hlutabréfa. Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir því hvernig hann hyggst uppfylla þetta skilyrði. Upplýsingagjöf telst tryggð ef fyrirtæki er skráð í Kauphöll eða ef fullnægjandi gögnum hefur verið skilað til ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.

### Umsóknarfrestir.

Umsóknir verða að berast til Rannís á þar til gerðu umsóknaformi í síðasta lagi fyrir **1. september** vegna yfirstandandi árs. Á heimasíðu Rannís, [www.rannís.is](http://www.rannís.is) eru umsóknaform og önnur gögn vegna umsókna. Umsóknum skal skila rafrænt um heimasíðuna.

Lögaðili sem hlotið hefur staðfestingu Rannís og telst því nýsköpunarfyrirtæki getur á hverju ári eftir það sótt um framlengingu á staðfestingunni. Umsókn þar um þarf að berast Rannís fyrir **1. apríl** og gildir fyrir yfirstandandi almanaksár. Rannís afgreiðir umsóknir innan tveggja mánaða frá því fullgild umsókn liggur fyrir. Framhaldsumsóknnum skal einnig skila rafrænt.

### Umsóknaferli.

Umsóknaferlið er í þremur þáttum eins og sjá má á umsóknareyðublaði sem fylgir í viðauka 1. Allar almennar upplýsingar um umsækjanda og nýsköpunarstarfsemi hans koma fram í 1. kafla umsóknareyðublaðsins.


Sértækar upplýsingar er varða hinar tvær leiðir laganna; **Leið 1**, skattfrádráttur vegna rannsókna-og þróunarkostnaðar R&P og **Leið 2**, skattafláttur fyrir fjárfesta eru að finna í 2. og 3. kafla umsóknareyðublaðsins. Sækja má um annað hvort eða hvoru tveggja.

Umbeðnar upplýsingar miðast við ákvæði laganna, en að auki áskilur Rannís sér rétt til að kalla eftir lágmarksupplýsingum til að geta framkvæmt árangursmat á lögnum.

### 3. Verklag Rannís við yfirferð umsókna.

Þegar umsókn berst Rannís er hún metin út frá kröfum um upplýsingar og fylgiskjöl eins og fram kemur í umsóknareyðublaði og með tilliti til þess hvort hún sé efnislega fullnægjandi. Komi í ljós að upplýsingar vantar eða að upplýsingar eru ófullnægjandi er kallað eftir viðbótarupplýsingum og umsækjanda veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim til Rannís. Séu upplýsingar þá fullnægjandi er umsókn talin fullgild og tekin til umfjöllunar, að öðrum kosti er umsókn vísað frá. Taka skal afstöðu til umsóknar innan tveggja mánaða frá því fullgild umsókn liggur fyrir.


#### Ný umsókn



Fyrsta skref við mat umsóknar er að meta hvort umsækjandi falli undir skilgreiningu sem nýsköpunarfyrirtæki.

Næstu skref eru að meta umsókn, annars vegar ef sótt er um staðfestingu til skattfrádráttar vegna R&P skv. **Leið 1** og/eða hins vegar ef sótt er um skattafslátt vegna fjárfestinga skv. **Leið 2**. Í báðum tilfellum getur umsókn verið hafnað uppfylli hún ekki skilyrði.


#### Skattfrádráttur vegna R&P Leið 1



Rannís tilkynnir embætti ríkisskattstjóra um þá lögaðila sem uppfyllt hafa skilyrði og hlotið staðfestingu á grundvelli laganna.

Fyrirtæki geta síðan sótt um framlengingu á staðfestingu Rannís ár hvert eftir að hafa fyrst hlotið staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki.

#### Skattafsláttur vegna fjárfestinga Leið 2



Leitast verður við að afgreiða fullgildar umsóknir svo fljótt sem verða má og tilkynna umsækjanda um ákvörðun. Í umfjöllun um einstakar umsóknir er hver og ein metin sjálfstætt út frá efni hennar. Í svari til umsækjenda skal málefnalegur rökstuðningur um afgreiðslu umsóknar fylgja. Samkvæmt lögnum eru ákvarðanir Rannís um afgreiðslu umsókna endanlegar á stjórnýslustigi.

Rannís tekur ekki afstöðu til fjárhæða sem fram koma í umsóknum, svo sem hvort rannsókn- og þróunarkostnaður sé rétt skilgreindur. Allar fjárhagslegar upplýsingar sem fram koma í umsóknum eru á ábyrgð viðkomandi umsækjenda. Sá kostnaður sem myndar stofn skattfrádráttar þarf að uppfylla almenn skilyrði um frádráttarbæran kostnað í skattalegum skilningi, svo og um tengsl kostnaðar við viðkomandi rannsókn- og þróunarverkefni. Halda þarf sérstaklega utan um þennan kostnað og gera grein fyrir honum á þann veg sem ríkisskattstjóri ákveður. Kostnaðargreinargerð sem lögð er fram með skattframtali skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara. Skattyfirvöld taka endanlega afstöðu til fjárhagslegra upplýsinga.

## Fagnefnd

Sérstök fagnefnd skipuð reynslumiklum mönnum úr nýsköpunarmálum kemur að málsmeðferð samkvæmt lögnum. Fagnefndin er ráðgefandi og er skipuð þremur fulltrúum; einum fulltrúa tilnefndum af Samtökum atvinnulífsins, einum fulltrúa tilnefndum af tækninefnd Vísinda- og tækniráðs og einum fulltrúa tilnefndum af áhættufjárfestum. Fagnefndin veitir ráðgjöf um álitæfni, um verklag og um skilgreiningar á verkefnum, en fjallar ekki um einstakar umsóknir eða umsækjendur. Ákvarðanir um afgreiðslu umsókna er alfarið á höndum Rannís.

## Gátlistar

Starfsmenn Rannís nota gátlista við yfirferð umsókna. Umsækjendur munu hafa aðgang að þessum gátlistum og geta yfirfarið sjálfir umsókn sína áður en hún er send til umfjöllunar. Hér að neðan er sýnishorn af gátlistum:

### Leið 1.

#### Skattfrádráttur vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar.

Efni:	Já	Nei
<b>1. Skilyrði sem uppfylla þarf:</b>		
Er hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu vel skilgreind		
Er viðskiptaáætlun vel skilgreind		
Er áætlað að verja a.m.k. 5 millj. kr. til rannsókna og þróunarstarfs á 12 mánaða tímabili		
Hafa starfsmenn þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmyndin nær til		
<b>2. Almennar upplýsingar:</b>		
Er lýsing á nýsköpunarstarfsemi fyrirtækisins		
Er gerð grein fyrir markaði sem nýsköpun beinist að		
Er um markaðslegan ávinning að ræða		
Er um að ræða aðra opinbera styrki vegna verkefnisins		
Hefur verið keypt rannsóknarvinna af öðrum aðilum		
- Öðrum viðurkenndum fyrirtækjum		

- Háskólum		
- Stofnunum		
Er um að ræða samstarfsverkefni með öðrum umsækjendum		
- Er samstarfsaðili tilgreindur		
-		

Uppfylla þarf öll atriði í lið 1 til þess að umsækjandi fullnægi skilyrðum.

## Leið 2.

### Skattafsláttur vegna hlutafjárukningar.

Efni:	Já	Nei
<b>1. Skilyrði sem uppfylla þarf:</b>		
Ársreikningar a.m.k. síðustu tveggja ára liggja fyrir		
Er rannsókn- og þróunarkostnaður a.m.k. 1,5% af veltu tvö af sl. þremur árum... ...eða hefur verið varið a.m.k. 40 mil. kr. til rannsókna og þróunarstarfs á ári sl. tvö ár		
Eru verkferlar vel skilgreindir..		
...er skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingum starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum.		
...er aðstaða til starfsins		
Hefur hluthafafundur ákveðið hlutafjárukningu		
Er lýst hvernig upplýsingagjöf til fjárfesta verði tryggð		
<b>2. Almennar upplýsingar:</b>		
Er lýsing á nýsköpunarstarfsemi fyrirtækisins		
Er gerð grein fyrir markaði sem nýsköpun beinist að		
Er sýnt fram á að um markaðslegan ávinning sé að ræða		
Hefur verið keypt rannsóknavinna af öðrum aðilum		
- Öðrum viðurkenndum fyrirtækjum		
- Háskólum		
- Stofnunum		
Er um að ræða samstarfsverkefni með öðrum umsækjendum		
- Er samstarfsaðili tilgreindur		

Uppfylla þarf öll atriði í lið 1 til þess að umsækjandi fullnægi skilyrðum.

## 4. Skilgreiningar og skýringar.

### Nýsköpunarfyrirtæki.

Í lögnum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki koma fram orðaskýringar í 3. gr. Ein grundvallar orðaskýringin felur í sér skilgreiningu á því hvað er nýsköpun. Samkvæmt lögnum er nýsköpun „Starfsemi sem leiðir til nýrrar og endurbættrar afurðar, þjónustu eða ferlis og markaðslegs ávinnings.“

Til þess að teljast nýsköpun verður afurðin, ferlið eða aðferðin að komast í gagnið. Nýsköpun er þannig ekki það sama og ný hugmynd, heldur er um nýsköpun að ræða þegar hugmynd eða endurbótum hefur verið hrint í framkvæmd og komið á markað. Það sama á við um ný ferli og aðferðir, þær teljast nýsköpun hafi þeim verið hrint í framkvæmd, t.d. innan fyrirtækis. Til nýsköpunarstarfsemi telst öll sú starfsemi sem ætlað er að leiða til nýsköpunar.

### Viðurkennd fyrirtæki.

Í 5. og 6. greinum laganna kemur fram að ef keypt hefur verið rannsóknarvinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er Rannís heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggi fyrir fullnægjandi gögn.

Með öðrum viðurkenndum fyrirtækjum er átt við fyrirtæki sem skráð eru í fyrirtækjaskrá, eða eftir atvikum firmaskrá, og eru sannanlega starfrækt. Með háskólum er átt við skóla sem hafa opinbera viðurkenningu sem háskólar og með stofnunum er átt við stofnanir sem eru reknar af opinberum aðilum sem stofnanir, einnig opinber hlutafélög.

Ef keypt er vinna af aðilum innan evrópska efnahagssvæðisins skal fylgja lýsing á fyrirtækinu og staðfesting þarlendra yfirvalda að fyrirtækið sé löglega skráð í sambærilegum skráum.

### Rannsókn- og þróunarverkefni - R&D

Oft eru mörkin milli venjulegrar starfsemi og/eða reksturs annars vegar og þróunarvinnu hins vegar óljós. Dagleg verkefni sem teljast til venjulegrar starfsemi eru ekki skilgreind sem þróunarverkefni, svo sem gæðaeftirlit og það sem telja má eðlilega framþróun á vörum eða þjónustu. Hér að neðan eru tekin nokkur dæmi um verkefni þar sem mörkin geta verið óljós og reynt að lýsa með dæmum hvað telst vera rannsókn- og þróunarverkefni og hvað ekki. Þetta yfirlit er ekki tæmandi og viðbætur eða frekari skýringar vel þegnar.

#### Hugbúnaður

Fellur ekki undir R&D	Dæmi
Hefðbundin vara sem er megin verkvið fyrirtækisins, svo sem bókhaldsforrit eða annar hugbúnaður sem hefur skilgreinda notkun og starfsemin byggir á eðlilegu viðhaldi með útgáfu nýrra uppfærslna.	Bókhald Sérsmíði

Aðlögun hefðbundins hugbúnaðar að nýjum stýrikerfum (plattformum), enda er um eðlilegt viðhald að ræða.	Win>Linux
Útgáfa handabóka og einblöðunga á prenti eða á vef.	
Aðlögun hugbúnaðar (erlends oftast) að sérstökum aðstæðum, svo sem þýðing eða vegna sér íslenskra laga. Eða bein þýðing á erlendan markað.	Bókhald Sérsmíði
Nýr service pakki – hotfix	(X no of hotfixes = service pack t.d. v2.3 > v2.4)

Er R&D	Dæmi
Uppfærsla á nýjan markað sem innifelur staðfestingu, svo sem ISO eða local certification > aðkeypt þjónusta	Fara inn á nýjan markað, en hann kallar eftir sérstakri virkni og/eða vottun
Ný virkni (module/functionality)	Ný útgáfa (release) t.d v2.4 > v3.0

### Matvælaíðnaður

Fellur ekki undir R&D	Dæmi
Hefðbundinn sjávarútvegur	Hefðbundnar fiskveiðar Hefðbundin fiskvinnsla
Hefðbundið fiskeldi	
Mjólkuriðnaður	Mjólk, ostur og jógúrt með nýju bragði eða nýjum umbúðum
Gosdrykkja- og öliðnaður	Nýjar tegundir Ávaxtadrykkir
Grænmetisbændur	
Hefðbundinn landbúnaður	Skepnur Kornrækt

Er R&D	Dæmi
Þróun nýs tækjabúnaðar	Ný tækni við samval í umbúðir
Matvælaframleiðsla með nýjum aðferðum og nýstárlegu hráefni	Sauðaostur
Fiskeldi	Nýtt fóður Ný seiðaframleiðsla Nýjar tegundir (heitsjárvar)
Fiskiðnaður – nýjar veiði- og/eða geymsluaðferðir	Ljósatroll Fullnýting afla um borð

### Hönnun

Fellur ekki undir R&D	Dæmi
Arkitektar	Atvinnu- og íbúðarhúsnæði
Saumastofur	Íslensk ull

<b>Fatahönnun?</b>	Hefðbundinn klæðnaður
<b>Vöruhönnun</b>	Skór

<b>Er R&amp;D</b>	<b>Dæmi</b>
<b>Nytjamunir með nýjum aðferðum eða nýju efni</b>	
<b>Leikföng úr nýju efni</b>	Nýta fiskbein á nýjan hátt
<b>Vöruhönnun</b>	Útbúa prótótýpu
<b>Fatahönnun</b>	Nýtt efni Mýkri ull
<b>Arkitektar</b>	Ný hugmyndafræði (concept), vistvænar byggingar

### Heilbrigðistæknivörur og lyfjaþróun

Þróun heilbrigðistæknivara og lyfja þarf lögum samkvæmt að fylgja tilteknum stöðlum og verklagsreglum til þess að útkoman teljist markaðs og skráningarhæf og er að því leyti frábrugðin hefðbundinni vöruþróun.

Almenna reglan er sú að sú starfsemi sem þarf að eiga sér stað samkvæmt lögum og reglugerðum til þess að skapa lyf eða heilbrigðistæknivörur telst vera R&D með þeirri undanþágu að leyfisgjöld, framleiðslutól og vörukaup sem að leiða beint til eignfæranlegra verðmæta eru þar undanskilin.

<b>Fellur ekki undir R&amp;D</b>	<b>Dæmi</b>
<b>Útgáfa markaðsefnis á prenti eða á vef.</b>	Svo sem útgáfa kynningarefnis eða annars efnis sem ekki er lögboðin hluti vöru.
<b>Kaup á stöðlum</b>	Svo sem kaup á ISO13485
<b>Skráningagjöld hugverkaréttinda</b>	Svo sem skráningagjöld vegna einkaleyfisumsókna
<b>Leyfisgjöld vegna klínískra prófanna</b>	Svo sem rukkaður kostnaður fagráða vegna yfirferðar beiðni um klíniska prófun
<b>Kaup á almennum rannsóknartækjum</b>	Svo sem fjölmælar, sveiflusjár, efnagreiningartæki, o.s.frv.
<b>Kaup á framleiðslutækjum</b>	Svo sem kostnaður vegna véla sem ætlaðar eru framleiðslu
<b>Vöruskráningagjöld</b>	Svo sem skráningagjald vöru til FDA
<b>Skáningagjöld gæðavottanna</b>	Svo sem gjöld vegna ISO9001/ISO13485 vottunar

Er R&D	Dæmi
Uppsetning vöruþróunar samkvæmt þeim stöðlum sem að nauðsynlegir eru til þess að þróun vöru sé möguleg	Uppsetning vöruþróunarferils samkvæmt ISO13485, 21 CFR 820 (FDA), GLP (US), GMP(US) eða öðrum stöðlum sem að við eiga
Vinna við skráningu hugverkaréttinda	Leit að einkaleyfum, undirbúningur að skráningu einkaleyfa,
Öll almenn rannsóknar og þróunarstarfsemi sem snýr að vörunni	Vöruhönnun, smíði frumgerða og frumgerðatól, smíði á sérhæfðum rannsóknartækjum fyrir vöruna
Regluvarsla og skjölun	Gerð þeirra skjala og gagna sem nauðsynleg eru samkvæmt gildandi reglum til skráningar og sölu á viðkomandi markaði.
Innri vöruþrófanir	Prófanir frumgerða, frumframleiðsla til sannprófunar á virkni. Hönnun og smíði sérhæfðra vöruþrófanatækja
Eftirlitsprófanir	Prófanir þar til hæfra eftirlitsaðila til staðfestingar á vöruöryggi
Klínískar prófanir	Undirbúningur og umsóknir um leyfi til klínískra prófanna Framkvæmd klínískra prófanna
Undirbúningur á staðfestingu eftirlitsaðila vöru	Undirbúningur undir úttekt eftirlitsaðila vöru (e. Notified Body) fyrir vörusöluleyfi
Uppfærsla á nýjan markað sem innifelur staðfestingu, svo sem ISO eða local certification > aðkeypt þjónusta	Vilt fara inn á nýjan markað, en hann kallar eftir sérstakri virkni og/eða vottun
Uppfærsla vöru sem felur í sér nýja virkni fyrir gamlan markað eða opnar nýjan markað.	Viðbætur við merkjagreiðningu, Breytingar á mæliaðferðum, mælistærðum, Tenging vöru við önnur lækningatæki sem útvíkkar notkun.

## 5. Árangursmat.

Í lögunum er tilgreint að markmið þeirra sé að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf. Þá er ákvæði í lögunum um að þau skuli endurskoðuð að tveimur árum liðnum. Rannís undirbýr og metur árangur og áhrif laganna.

Þegar fyrirtæki sækir um framlengingu á staðfestingu þarf að skila einfaldri áfangaskýrslu um starfsemina árið á undan. Þegar verkefni lýkur þarf viðkomandi fyrirtæki að skila lokaskýrslu um verkefnið. Þessar skýrslur eru mikilvæg gögn til þess að mögulegt sé að leggja mat á árangurinn og heildaráhrif laganna. Leitast verður við að þessi upplýsingakvöð verði eins einföld og mögulegt er, að mestu leyti þannig að um einfaldar samanburðarspurningar verður að ræða. Auk þess verða upplýsingar sóttar til skattýfirvalda og annarra opinberra aðila eftir því sem þurfa þykir.

Í lögunum er ekki kveðið á um að fyrirtæki veiti framangreindar upplýsingar, en til þess að leggja megi mat á árangur laganna og hvort markmið þeirra náist er mikilvægt að upplýsingarnar berist. Þá eru upplýsingarnar einnig mikilvægar í ljósi þess að lögin verða endurskoðuð innan tveggja ára.

## 6. Spurningar og svör.

Þessi kafli verður til í samstarfi við hagsmunaaðila og þá sem samráð er haft við vegna útfærslu á framkvæmd laganna. Ennfremur mun hann verða uppfærður þegar umsækjendur fara að vinna umsóknirnar og upp koma atriði sem þarf að skýra nánar.

Dæmi:

- Við greiðum engan launaskatt, bara VSK og þennan mánaðarlega fyrirtækjaskatt (t.d. tryggingargjald). Mun það gagnast okkur að sækja um skattviltun?
  - Varðandi skattfrádrátt af R&P er ekki gerð krafa um að fyrirtæki sé komið í þá stöðu að greiða tekjuskatt. Ef enginn skattstofn þá er frádrátturinn greiddur út.
- Fyrirtækið var aðskilið frá öðru fyrirtæki í byrjun ársins, en það hafði starfað í yfir 5 ár og mikið fjármagn verið lagt í þróunarstarf. Dugar að vísa í umsókn í þennan eldri rekstur eða er nauðsynlegt að rekstrarsagan sé í kennitölunni sem sækir um núna (nýja kennitalan frá í byrjun þessa árs, allur þróunarkostnaður sl. 5 ára er í gömlu kennitölunni sem nýja kennitalan kemur úr)?
  - Þurfum lögfræðiálit þar sem hér getur verið um álitamál að ræða.
- Upplýsingamiðlun til fjárfesta?
  - Í reglugerð er talið að upplýsingamiðlunin sé fullnægjandi ef fullnægjandi gögnum er skilað til ársreikningaskrár ríkisskattstjóra. Sjá nánar 4. gr. reglugerðar nr. 593/2010.
- Skilgreindir verkferlar?
  - Er R&P ferlið skilgreint í starfsemi fyrirtækis og í starfslýsingu þeirra er vinna að R&P. Þarf að koma fram og hvernig. Sjá nánar í orðskýringum í 3. gr. laga nr. 152/2009.
- Ef fyrirtæki hefur aðeins starfað í tvö ár á það þá rétt á skattafslætti til hlutafjár aukningar?
  - Já, í lögunum er talað um að R&P hafi numið 1,5% af veltu tvö af síðustu þrem árum, eða 40 milljónir síðustu tvö árin, þannig að ef þessu skilyrði er fullnægt á síðustu tveim árum uppfyllir nýsköpunarfyrirtækið skilyrði 6. gr. laga nr. 152/2009.
- Markaðslegur ávinningur?
  - Hér verður umsækjandi að gera grein fyrir markaðslegum ávinningi; á hvaða markað er stefnt og fjárhagslegur ávinningur fyrirtækisins. Gera grein fyrir í viðskiptaáætlun verkefnisins.
- Hvað er átt við með aðgreiningu kostnaðar vegna R&P frá öðrum rekstri?

- Hér er það spurning um bókhaldslegt uppgjör og hvernig verkbókhaldi er háttað. Endurskoðandi getur ráðlagt ráðlagt hvernig standa skuli að. Í sumum tilvikum er fyrirtækið sprotafyrirtæki og eina starfsemin snýst um þróun tiltekinnar vöru, þá er allur rekstur R&D og endurskoðandinn staðfestir að svo sé.
- Aðgengi RSK að gögnum?
  - Ríkisskattstjóra er tilkynnt um niðurstöðu Rannís.
- Hvað ef umsókn er hafnað?
  - Niðurstaða Rannís er endanleg á stjórnarsýslustigi, sbr. 8. gr. laga nr. 152/2009, en ef umsókn er ófullkominn að því leyti að gögn vantar gefst umsækjanda kostur á að bæta úr því.
- Er hægt að vísa í umsókn til Tækniþróunarsjóðs?
  - Nei.
- Viðskiptaáætlun?
  - Viðskiptaáætlun varðandi skattfrádrátt er yfir verkefnið eingöngu, en þegar um skattafslátt til fjárfesta er að ræða er viðskiptaáætlunin yfir starfsemi fyrirtækisins.
- Verkefni nær ekki 5 milljónum króna marki á almanaksári sem sótt er um, en áætlun á 12 mánaða tímabili sem fellur á tvö almanaksár er yfir 5 milljónir?
  - Í reglugerð er kveðið upp úr með að 12 mánaða tímabilið er rekstrarár fyrirtækisins, sem er nánast alltaf almanaksárið. Kostnaður við verkefnið þarf að ná 5 milljónum króna á rekstrarárinu.

## 7. Lög nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

### I. KAFLI Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

##### Markmið.

Markmið þessara laga er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf með því annars vegar að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar að hvetja til þess að menn og lögaðilar fjárfesti í þeim að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

#### 2. gr.

##### Gildissvið.

Lög þessi taka til viðurkenndra nýsköpunarfyrirtækja, þó ekki til eftirtalinna aðila:

1. Háskóla, opinberra stofnana (náttúrustofa, sjálfseignarstofnana o.fl.) né opinberra hlutafélaga.
2. Fyrirtækja sem ekki uppfylla skilyrði II. kafla.

#### 3. gr.

##### Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aukning hlutafjár*: Hækkun hlutafjár í skilningi [V. kafla laga nr. 2/1995](#), um hlutafélög, og [V. kafla laga nr. 138/1994](#), um einkahlutafélög.
2. *Framlag til nýsköpunar*: Útlagður kostnaður vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.
3. *Hlutabréfakaup*: Kaup á hlutabréfum til aukningar á hlutafé fyrirtækisins, sbr. [V. kafla laga nr. 2/1995](#), um hlutafélög, og [V. kafla laga nr. 138/1994](#), um einkahlutafélög.
4. *Nýsköpun*: Starfsemi sem leiðir til nýrrar og endurbættrar afurðar, þjónustu eða ferlis og markaðslegs ávinnings.
5. *Nýsköpunarfyrirtæki*: Lögaðilar skv. 1. og 3. tölul. [2. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt, sem vinna að nýsköpun.
6. *Opinber hlutafélög*: Hlutafélög eða einkahlutafélög sem eru beint eða óbeint í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á vegum þeirra.
7. *Rannís*: Rannsóknamiðstöð Íslands sem er ríkisstofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra.
8. *Rannsóknar- og þróunarkostnaður*: Beinn kostnaður, svo sem vegna sérhæfðra starfsmanna, tækja, húsnæðis, aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu og aðfanga.
9. *Rannsóknir*: Tilraunir eða fræðileg vinna sem innt er af hendi með það í huga að afla nýrrar þekkingar á undirstöðum fyrirbæra og atburða.
10. *Skattaðili*: Aðili sem er skattskyldur skv. [I. kafla laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt, og á rétt á frádrætti skv. [30.](#) og [31. gr. sömu laga](#).
11. *Skattafsláttur*: Frádráttur frá tekjuskattsstofni vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtæki, sbr. [30.](#) og [31. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt.
12. *Skattfrádráttur*: Frádráttur frá álögðum tekjuskatti eða endurgreiðsla samkvæmt [lögum nr. 90/2003](#), um tekjuskatt.
13. *Verkferlar*: Skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingu starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum og aðstöðu til starfsins.
14. *Viðskiptaáætlun*: Greinargerð um viðskiptahugmynd fyrirtækis, starfsemi þess og möguleika.

15. *Þróun:* Kerfisbundin vinna byggð á fyrirbyggjandi þekkingu sem hefur fengist með rannsóknum eða hagnýtri reynslu og miðar að því að framleiða ný efni, vörur og tæki.

## II. KAFLI Umsóknarferli.

4. gr.

### *Umsóknir til Rannís.*

Umsóknir samkvæmt lögum þessum skulu sendar Rannís á þar til gerðu eyðublaði eða með öðrum sambærilegum hætti.

Lögaðili sem óskar eftir staðfestingu Rannís á að teljast nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt lögum þessum skal senda umsókn þess efnis til Rannís í síðasta lagi 1. september ár hvert. Tilgreina skal hvort sótt er um staðfestingu vegna skattfrádráttar, sbr. 5. gr., eða hlutafjáraukningar, sbr. 6. gr. Sami lögaðili getur sótt um hvort tveggja.

5. gr.

### *Staðfesting vegna skattfrádráttar.*

Rannís skal veita lögaðila staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi þessa ákvæðis, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind, og
2. að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 5 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og
3. starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

Ef keypt hefur verið rannsóknarvinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er Rannís heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggja fyrir fullnægjandi gögn.

6. gr.

### *Staðfesting vegna hlutafjáraukningar.*

Rannís skal veita lögaðila staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki í skilningi þessa ákvæðis, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. að rannsóknar- og þróunarkostnaður samkvæmt ársreikningum lögaðilans undanfarin tvö af þremur árum næst á undan umsóknarári hafi numið meira en 1,5% af rekstrartekjum eða rekstrarkostnaði eftir því hvor fjárhæðin er hærri, eða varið hafi verið a.m.k. 40 millj. kr. til rannsókna og þróunar á ári undanfarin tvö ár, og
2. að verkferlar séu vel skilgreindir, þ.e. skipulag þar sem gert er ráð fyrir þróunarstarfi í starfslýsingu starfsmanna sem hafa þjálfun og reynslu af rannsóknarstörfum og aðstaða sé til starfsins, og
3. að hluthafafundur hafi tekið ákvörðun um aukningu hlutafjár skv. [V. kafla laga nr. 2/1995](#), um hlutafélög, og [V. kafla laga nr. 138/1994](#), um einkahlutafélög, og
4. að upplýsingagjöf til fjárfesta verði tryggð í þeim tilgangi að vernda fjárfesta, tryggja eðlilega þátttöku nýsköpunarfyrirtækja á markaði og stuðla að eðlilegri verðmyndun og seljanleika.

Ef keypt hefur verið rannsóknarvinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er Rannís heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggja fyrir fullnægjandi gögn.

Hafi rannsóknar- og þróunarkostnaður ekki verið sérgreindur í ársreikningi skal umsækjandi gera ítarlega grein fyrir honum með öðrum sannanlegum hætti.

#### 7. gr.

##### *Samstarfsverkefni.*

Ef um er að ræða samstarfsverkefni fleiri en eins umsækjanda skal hver um sig hafa hlotið staðfestingu Rannís, sbr. 5. og/eða 6. gr.

#### 8. gr.

##### *Málsmeðferð.*

Sérstök fagnefnd Rannís skipuð reynslumiklum mönnum úr nýsköpunarmálum kemur að málsmeðferð samkvæmt lögum þessum.

Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar taka ákvörðun um hvort lögaðili hljóti staðfestingu skv. 5. eða 6. gr. og tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Rannís skal tilkynna til embættis ríkisskattstjóra um lögaðila sem uppfyllt hafa annars vegar skilyrði 5. gr. og hins vegar 6. gr.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir lögaðila sem hlotið hafa staðfestingu Rannís og skal hún vera öllum aðgengileg.

Um meðferð umsókna hjá Rannís fer eftir lögum þessum og öðrum lögum sem um stofnunina gilda.

Ákvarðanir Rannís samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

#### 9. gr.

##### *Gildistími staðfestingar.*

Staðfesting Rannís skv. 5. og/eða 6. gr. skal miðast við umsóknarár og gildir fyrir það almanaksár. Umsókn um framlengingu staðfestingar skal lögð fram árlega eigi síðar en 1. apríl. Rannís skal taka umsókn um framlengingu til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá móttöku hennar. Fallist Rannís á framlengingu gildir staðfestingin fyrir það ár.

### **III. KAFLI**

#### **Framkvæmd.**

#### 10. gr.

##### *Skattfrádráttur.*

Nýsköpunarfyrirtæki sem hlotið hefur staðfestingu Rannís á tekjuárinu skv. 5. gr. á rétt á sérstökum frádrætti frá álögdum tekjuskatti sem nemur 15 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sinna, enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. [31. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skal vera 50.000.000 kr. á rekstrarári. Ef um er að ræða aðkeypta þjónustu frá viðurkenndum aðila, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal hámark kostnaðar samtals vera 75.000.000 kr. Sé um að ræða samstarfsverkefni, sbr. 7. gr., skal sama hámark gilda fyrir verkefnið í heild en frádrætti skipt hlutfallslega milli nýsköpunarfyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.

Skilyrði frádráttar er að kostnaði vegna hvers rannsóknar- og þróunarverkefnis sé haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum nýsköpunarfyrirtækis og að gögn séu aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess, sbr. [X. kafla laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt.

Kostnaður sem ekki fellur til í atvinnurekstri tengdum rannsóknum og þróun skapar ekki frádráttarrétt hjá söluaðila, enda færast slíkur kostnaður til frádráttar hjá kaupanda.

Árlega skal gera grein fyrir kostnaði vegna rannsókna og þróunar í skattframtali á þann hátt sem ríkisskattstjóri ákveður. Kostnaðargreinargerð skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um skiptingu og meðferð óbeins kostnaðar, þ.m.t. um fyrningu, fjármagnskostnað og launakostnað, sem til fellur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna í þessu sambandi.

## 11. gr.

*Greiðsla skattfrádráttar.*

Skattfrádráttur skv. 10. gr. kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila, sbr. [71. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps skal frádrátturinn greiddur út, að teknu tilliti til [112. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. Við ákvörðun á skattalegu tapi í þessu sambandi skal einungis líta til rekstrartaps viðkomandi nýsköpunarfyrirtækis frá og með því rekstrarári sem það hlýtur staðfestingu skv. 5. gr.

## 12. gr.

*Opinberar styrkveitingar og útseldar rannsóknir.*

Hafi lögaðili hlotið styrk frá opinberum aðila til sama nýsköpunarverkefnis og umsókn um skattfrádrátt skv. 5. gr. tekur til getur frádráttur skv. 1. mgr. 10. gr. að viðbættri styrkfjárhæð aldrei orðið hærri en 70% af hámarkskostnaði við verkefnið.

## 13. gr.

*Kostnaður á umsóknarári.*

Á því rekstrarári sem nýsköpunarfyrirtæki fær staðfestingu Rannís á að skilyrði 5. gr. séu uppfyllt skal heimilt að telja til rannsóknar- og þróunarkostnaðar í skilningi laganna þau útgjöld sem beint tengjast viðkomandi verkefni og lagt hefur verið í á árinu. Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís telst ekki með í þessu sambandi.

## 14. gr.

*Skattafsláttur vegna hlutafjárukningar.*

Skattaðili sem kaupir hlutabréf í nýsköpunarfyrirtæki, sem hlotið hefur staðfestingu Rannís skv. 6. gr., getur dregið kaupverð þeirra hlutabréfa frá skattskyldum tekjum sínum á tekjuárinu innan þeirra marka sem um getur í 3. tölul. 1. mgr. B-liðar 30. gr. og 12. tölul. [31. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. Sama gildir um nýsköpunarfyrirtæki, sbr. 1. málsl., heimilisfast innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum eftir því sem við á sem hlotið hefur viðurkenningu sambærilegrar stofnunar og Rannís.

Skattafsláttur skv. 1. mgr. er bundinn því skilyrði að um hlutafjárukningu sé að ræða í viðkomandi nýsköpunarfyrirtæki, sbr. [V. kafla laga nr. 2/1995](#), um hlutafélög, og [V. kafla laga nr. 138/1994](#), um einkahlutafélög.

## 15. gr.

*Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga.*

Heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt lögum þessum takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hafi lögaðili, sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. og/eða 6. gr., jafnframt notið annars opinbers stuðnings til sama rannsóknar- og þróunarverkefnis getur frádráttur skv. 1. mgr. 10. gr., að viðbættri annarri ríkisaðstoð, aldrei orðið hærri en leyfilegt hámarkshlutfall af styrkhæfum kostnaði vegna viðkomandi verkefnis eftir því sem nánar er kveðið á um í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til verkefna á sviði nýsköpunar eða rannsókna og þróunar.

**IV. KAFLI****Ýmis ákvæði.**

## 16. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra er heimilt með reglugerð að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara.

17. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Lögin skulu koma til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

## 8. Lög nr. 137/2009 um tekjuskatt

### Lög um breytingu á [lögum nr. 90/2003](#) um tekjuskatt, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Sérstakur frádráttur nýsköpunarfyrirtækis samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

#### 2. gr.

Við B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, enda sé um hlutafjáraukningu að ræða skv. [V. kafla laga nr. 2/1995](#), um hlutafélög, og [V. kafla laga nr. 138/1994](#), um einkahlutafélög.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og nema verðmæti keypra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en 300.000 kr. hjá einstaklingi og 600.000 kr. hjá hjónum.

Til keypra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf lögaðila sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og eru á skrá sem ríkisskattstjóri heldur vegna viðkomandi tekjuárs.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir sölu á önnur hlutabréf í hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði þessa töluliðar, fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. málsl. eiga við um mismuninn. Fenginn frádráttur skal tekjufæra að fullu með 10% álagi, eða í réttu hlutfalli við það sem upp á vantar að endurfjárfest sé í stað hinna seldu.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádráttur það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimplast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

#### 3. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, enda sé um hlutafjáraukningu að ræða skv. [V. kafla laga nr. 2/1995](#), um hlutafélög, og [V. kafla laga nr. 138/1994](#), um einkahlutafélög.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og nema verðmæti keypra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en 15.000.000 kr.

Til keypra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf í félögum sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og eru á skrá sem ríkisskattstjóri heldur vegna viðkomandi tekjuárs.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að skattaðili eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita

ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef skattaðili kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna önnur hlutabréf í hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði þessa töluliðar, fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. másl. eiga við um mismuninn. Fenginn frádrátt skal tekjufæra að fullu með 10% álagi, eða í réttu hlutfalli við það sem upp á vantar að endurfjárfest sé í stað hinna seldu.

EKKI er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

#### 4. gr.

Við 4. mgr. 112. gr. laganna bætast þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Frá álögdum tekjuskatti lögaðila sem falla undir 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki skal draga fjárhæð sem ákvörðuð er skv. 11. gr. þeirra laga áður en greiðsluskylda samkvæmt þessari málsgrein er ákvörðuð. Sé engin eða lægri greiðsluskylda fyrir hendi skal greiða frádráttinn út að hluta eða öllu leyti. Reglur um skuldajöfnun skattfrádráttar á móti opinberum gjöldum eða vörslusköttum til ríkissjóðs, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekjuársins 2010.

## 9. Reglugerð nr. 593/2010

### REGLUGERÐ

#### um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

##### 1. gr.

Með nýsköpunarfyrirtæki í reglugerð þessari er átt við lögaðila skv. 1. og 3. tölul. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem vinna að nýsköpun. Með nýsköpun er átt við starfsemi sem leiðir til nýrrar og endurbættrar afurðar, þjónustu eða ferils og markaðslegs ávinnings.

##### 2. gr.

Viðskiptaáætlun sú sem leggja þarf fram vegna umsóknar um staðfestingu vegna skattfrádráttar skv. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, skal varða það verkefni sem sótt er um staðfestingu vegna.

Með 12 mánaða tímabili skv. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, er átt við rekstrarár viðkomandi umsækjanda um staðfestingu vegna skattfrádráttar.

##### 3. gr.

Með viðurkenndu fyrirtæki í lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, er átt við fyrirtæki sem skráð er í fyrirtækjaskrá, eða eftir atvikum firmaskrá, og viðeigandi skrá ríkisskattstjóra eða sambærilegum skráum í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

##### 4. gr.

Upplýsingagjöf til fjárfesta telst vera tryggð ef fyrirtæki er skráð í Kauphöll eða ef fullnægjandi gögnum hefur verið skilað til ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.

##### 5. gr.

Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar taka ákvörðun um hvort lögaðili hljóti staðfestingu og tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun. Með umsókn í þessu sambandi er átt við fullgilda umsókn með þeim gögnum og upplýsingum sem Rannís óskar eftir.

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir lögaðila sem hlotið hafa staðfestingu Rannís og skal hún vera öllum aðgengileg. Skráin telst aðgengileg ef hún er birt á vefsíðu ríkisskattstjóra.

##### 6. gr.

Staðfesting Rannís gildir fyrir það almanaksár sem umsókn varðar. Óski nýsköpunarfyrirtæki eftir framlengingu á staðfestingu skal umsókn þar að lútandi lögð fram eigi síðar en 1. apríl ár hvert og með henni skulu fylgja gögn um framvindu og kostnað vegna nýsköpunarverkefna.

#### 7. gr.

Við útreikning á skattfrádrætti skal miða við kostnað við hvert verkefni sem hlotið hefur staðfestingu Rannís skv. 5. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Hámarkskostnaður til útreiknings frádráttar hvers fyrirtækis getur aldrei orðið meiri en 50.000.000 kr. eða 75.000.000 kr. ef um aðkeypta þjónustu er að ræða frá viðurkenndum aðila óháð fjölda verkefna. Við ákvörðun á hámarks frádrætti skal fyrst taka eigin rannsóknar- og þróunarkostnað að hámarki 50.000.000 kr. og síðan bæta við aðkeyptum kostnaði frá viðurkenndum aðila að hámarki 25.000.000 kr.

Sé um að ræða samstarfsverkefni gildir sama hámark fyrir verkefnið í heild, sbr. 1. mgr., en skattfrádrætti skal skipta hlutfallslega miðað við útlagðan kostnað hvers nýsköpunarfyrirtækis fyrir sig vegna verkefnisins.

#### 8. gr.

Með opinberum aðila er átt við ríki, sveitarfélag, stofnanir þeirra og aðra opinbera aðila. Þá tekur skilgreiningin einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, kunna að hafa með sér. Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

- a. Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af árlegum rekstrarkostnaði.
- b. Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
- c. Hann lýtur sérstakri stjórn sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meiri hluta.

Þeir opinberu aðilar sem taldir eru upp í 1. viðbæti ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006, sem birt var 7. september 2006 í EES-viðbæti Stjórnartíðinda ESB nr. 44/2006, skulu allir teljast opinberir aðilar í skilningi þessarar greinar.

#### 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 2010.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

## 10. Reglugerð nr. 592/2010

### REGLUGERÐ

#### um meðferð og skiptingu óbeins kostnaðar við ákvörðun á skattfrádrætti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna nýsköpunarfyrirtækja.

##### 1. gr.

Nýsköpunarfyrirtæki sem hlotið hafa staðfestingu Rannís samkvæmt lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki eiga rétt á sérstökum skattfrádrætti, sbr. 10. gr. laganna. Skatt-frádrátturinn er ákvarðaður miðað við útlagðan kostnað vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Sá kostnaður sem frádrátturinn tekur mið af skal í öllum tilvikum uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Við ákvörðun á skattfrádrætti nýsköpunarfyrirtækja er heimilt, auk beins kostnaðar, að reikna óbeinan kostnað sem fellur til vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

##### 2. gr.

Óbeinn kostnaður sem heimilt er að taka tillit til við ákvörðun á skattfrádrætti nýsköpunar-fyrirtækja er sá kostnaður sem ekki er hægt að rekja beint til framleiðslu ákveðinnar vöru, efnis eða tækis, eða hefur fallið beint til vegna tiltekins verkefnis.

Byggist starfsemi nýsköpunarfyrirtækis einvörðungu á rannsóknum og þróun á einu tilteknu verkefni sem hlotið hefur staðfestingu Rannís telst að jafnaði allur kostnaður sem tengist verkefninu, enda falli hann undir 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, til beins kostnaðar og kemur þá ekki til skiptingar á óbeinum kostnaði samkvæmt reglugerð þessari.

Hafi nýsköpunarfyrirtæki með höndum rannsóknir og þróun á fleiri en einu verkefni, eða aðra starfsemi en varðar beint rannsóknar- og þróunarverkefni, skal beinum kostnaði vegna hvers verkefnis, og eftir atvikum rekstrarþáttar, haldið aðgreindum og óbeinn kostnaður ákvarðaður vegna hvers hluta um sig.

##### 3. gr.

Óbeinan kostnað vegna launa sem rekja má til rannsóknar- og þróunarverkefnis er heimilt að reikna við ákvörðun á skattfrádrætti nýsköpunarfyrirtækja.

Heimilt er að færa til frádráttar sama hlutfall af óbeinum launum og bein laun vegna rannsóknar- og þróunarverkefnis eru af heildarfjárhæð beinna launa í fyrirtækinu. Óbein laun í þessu samhengi eru t.d. laun vegna yfirstjórnar, starfsmannahalds, bókhalds og fjármálastjórnar. Kostnaður vegna markaðs- og sölustarfsemi kemur ekki til frádráttar vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.

Heimilt er að færa til frádráttar sama hlutfall af launatengdum gjöldum og frádráttarbær bein laun og óbein skv. 2. mgr. eru af heildarfjárhæð launa í fyrirtækinu á viðkomandi reikningsári. Sama skal gilda um annan starfsmannatengdan kostnað.

#### 4. gr.

Heimilt er að reikna fyrningu varanlegra rekstrarfjármuna sem eingöngu eru notaðir í þágu viðkomandi rannsóknar- og þróunarverkefnis að fullu við ákvörðun á skattfrádrætti. Fyrningu skal ákvarða í samræmi við ákvæði 33.-38. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fyrningu rekstrarfjármuna sem notaður er að hluta fyrir rannsóknar- og þróunarverkefnið má færa hlutfallslega til frádráttar í samræmi við notkun. Liggja skal fyrir með aðgengilegum hætti hvernig hlutdeild í notkun var ákvörðuð. Ekki er heimilt að færa hluta af fyrningu rekstrarfjármunar til ákvörðunar á skattfrádrætti ef um óverulega og tilfallandi notkun í þágu viðkomandi rannsóknar- og þróunarverkefnis er að ræða. Þá er óheimilt að reikna til frádráttar gjaldfærslu skv. 39. gr. tekjuskattslaga.

#### 5. gr.

Við ákvörðun á skattfrádrætti nýsköpunarfyrirtækja er heimilt að taka tillit til fjármagnskostnaðar vegna áfallins kostnaðar af hverju rannsóknar- og þróunarverkefni. Fjármagnskostnaður í þessu sambandi skal vera sama hlutfall af heildarfjármagnskostnaði fyrirtækisins og meðaltal áfallins Nr. 592 2. júlí 2010

beins og óbeins kostnaðar af hverju rannsóknar- og þróunarverkefni var af meðalskuldastöðu fyrir-tækisins á árinu. Til fjármagnskostnaðar í þessu sambandi teljast vaxtagjöld, afföll og gengistap sem fellur undir 49. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

#### 6. gr.

Hafi nýsköpunarfyrirtæki haldið kostnaðarbókhald áður en lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki tóku gildi þar sem óbeinum kostnaði var deilt niður á rannsóknar- og þróunarverkefni er heimilt að miða við þannig ákvarðaðan kostnað við ákvörðun á skattfrádrætti. Heimild þessi er bundin því skilyrði að engin veruleg breyting hafi síðan verið gerð á meðferð og útteilingu óbeins kostnaðar á verkefni og meðferð kostnaðar sé í samræmi við almennt viðurkenndar aðferðir við færslu slíks óbeins kostnaðar. Gögn þessi skulu liggja fyrir með aðgengilegum hætti.

#### 7. gr.

Við ákvörðun á skattfrádrætti nýsköpunarfyrirtækja skal skipta öðrum óbeinum kostnaði en kveðið er sérstaklega á um í 3.-5. gr. reglugerðar þessarar sem að hluta til tengist rannsóknar- og þróunarverkefnum að rétttri tiltölu miðað við beinan kostnað af hverju verkefni fyrir sig, og eftir atvikum hverjum rekstrarþætti fyrirtækisins fyrir sig.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 2010.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

## 11. Leiðbeinandi reglur ESA um ríkisstuðning.

Í 1. mgr. 61. gr. EES samningsins er kveðið á um meginregluna um bann við ríkisaðstoð. Nánar tiltekið er ákvæðið svohljóðandi: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki ESB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Á grundvelli þessa hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sett leiðbeinandi reglur, frá febrúar 2007, um ríkisaðstoð til rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefna (State aid for research and development and innovation). Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur tekið þær reglur upp og eru þær leiðbeinandi um það hvaða ríkisaðstoð sé heimil til fyrirtækja sem starfa að nýsköpun eða rannsóknum og þróun. Hámark leyfilegrar aðstoðar fer í hverju tilviki bæði eftir stærð fyrirtækis og eðli verkefnis.

Leiðbeiningareglur ESA eru eingöngu gefnar út á ensku og hafa ekki verið þýddar á íslensku. Þessar reglur eru aðgengilegar á vef ESA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/> - Sjá undir kafla III (Horizontal Rules), 'Aid for research and development and innovation' (R&R Guidelines).

Eins og fyrr segir eru leiðbeiningarnar unnar eftir fyrirmynd frá framkvæmdastjórn ESB (community framework / rammi bandalagsins), sem má finna á vef ESB:

[http://europa.eu/legislation\\_summaries/competition/state\\_aid/126078\\_en.htm](http://europa.eu/legislation_summaries/competition/state_aid/126078_en.htm) og <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2006:323:0001:0026:EN:PDF> \*

